

Nr. 41/1998.

Fimmtudaginn 14. maí 1998.

Ákærvaldið(Ragnheiður Harðardóttir,
settur saksóknari)

gegn

**Sigurði Inga Kristóferssýni og
Vigni Bergmann Hreggviðssýni**

(Sigurbjörn Magnússon hrl.)

Líkamsárás. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærðu um áfrýjun og jafnframt af hálfu ákærvalds með stefnu 13. janúar 1998. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að refsing ákærðu verði þyngd og ákvæði héraðsdóms um skaðabætur verði staðfest.

Ákærðu krefjast aðallega sýknu af kröfum um refsingu og skaðabætur. Til vara er þess krafist, að refsing ákærðu verði milduð og skaðabótakröfu verði vísað frá héraðsdómi. Til þrautavara krefjast ákærðu, að niðurstaða héraðsdóms um refsingu verði staðfest, en bótakröfu vísað frá héraðsdómi.

I.

Svo sem greinir í héraðsdómi, er ákærðu gefið að sök að hafa aðfaranótt 7. ágúst 1994 við Hafnargötu í Keflavík slegið Svein Björgvinsson hnefahögg í andlit, svo að hann féll utan í bifreið og í götuna, og sparkað í Sveinn liggjandi í andlit, höfuð og líkama með þeim afleiðingum, að hann hlaut sár á neðri vör, hægri miðframtunnur í efri og neðri gómi losnuðu og brotnuðu og vinstri miðframtönn í efri gómi brotnaði við röt.

Samkvæmt gögnum málsins urðu fyrrgreind atvik fyrir utan verslunina Stapafell, þar sem saman voru komnir tugir unglinga. Ákærði gekk inn í hóp þeirra og varð þá fyrir árás með þeim afleiðingum, sem áður er getið.

II.

Lögreglan í Keflavík tók skýrslur af ákærðu og vitnum um atburðina aðfaranótt 7. ágúst 1994 síðar í þeim mánuði og í október sama árs. Ákærði Sigurður játaði fyrir lögreglu að hafa slegið Svein Björgvinsson eitt högg, sem hann minnti, að hafi lent á öðru kinnbeini. Hafi Sveinn þá dottið aftur fyrir sig og lent utan í bifreið, sem þarna stóð. Fyrir dómi kvaðst ákærði Sigurður hafa slegið Svein einu sinni í kinnbeinið. Ákærði Vignir kvaðst í lögregluskýrslu hafa slegið Svein með flötum lófa á kinnina og staðfesti það síðar fyrir dómi.

Sveinn skýrði lögreglu svo frá á vettvangi umrædda nótt, að einhver úr unglingshópi, sem þar var, hefði slegið sig á munninn og hann þá fundið, að framtönn í neðri gómi brotnaði. Síðan hafi hann fengið annað högg, og hafi þá tvær tennur í efri gómi brotnað. Í lögregluskýrslu næsta dag var frásögn Sveins í meginatriðum á sömu lund að öðru leyti en því, að hann kvaðst ekki geta fullyrt, hvort tennur brotnuðu við seinna höggið eða þær allar við hið fyrra. Fyrir dómi 12. apríl 1996 sagði hann, að tönn hefði brotnað við fyrra höggið og að sig minnti, að meira hefði brotnað við hið síðara.

Í skýrslum Heiðars Lár Halldórssonar og Gísla Grétars Bjarnasonar fyrir lögreglu 10. ágúst 1994 kom fram, að þeir hefðu verið sjónarvottar að atburðum aðfaranótt 7. sama mánaðar. Sama á við um lögregluskýrslu, sem tekin var af Halldóri Rúnari Karlssyni 5. október 1994. Fyrirnefndu vitnin báru bæði, að þau hefðu séð ákærða Vigni slá Svein eitt högg beint á munninn. Vitnin Gísli og Halldór báru einnig, að ákærði Sigurður hefði slegið Svein í andlit-ið.

Vitni þessi komu ekki fyrir dóm fyrr en 12. apríl 1996. Framburður þeirra þar um árás ákærðu á Svein er ekki ótvíræður. Auk þess er ekki ljóst, hve langt þeir voru frá vettvangi eða að hve miklu leyti þeir gátu fylgst með atburðum í þeirri mannþröng, sem þarna var. Framburður annarra vitna fyrir dómi um þetta er óskýr. Verður því ekki talið sannað, að ákærðu hafi slegið Svein frekari högg en þeir sjálfir hafa greint frá eða að þau högg hafi valdið svo umfangsmiklum meiðslum sem lýst er í ákæru. Varðar brot þeirra því ekki við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, svo sem ákært er fyrir. Hins vegar verður að telja, að

ákærðu hafi með greindri háttsemi gerst sekir um brot á 217. gr. sömu laga. Verða þeir sakfelldir fyrir brot gegn því lagaákvæði, sbr. 4. málsl. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, hlaut ákærði Vignir dóm 29. mars 1995, þar sem honum var gert að sæta skilorðsbundnu varðhaldi í þrjá mánuði. Brot hans, sem um ræðir í þessu máli, var framíð, áður en hann hlaut þá refsingu. Verður honum því dæmdur hegningarauki. Um skilorðsrof var hins vegar ekki að ræða.

Pegar litið er til þess, sem að framan greinir, 1. mgr. og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, sakaferils ákærðu og þess dráttar, sem varð á saksókn og meðferð málsins í héraði, þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum verður skaðabótakröfu Sveins Björgvinssonar vísað frá héraðsdómi, sbr. 3. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991, en bótakrafa Þóris Sveinbjörnssonar er ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað verður staðfest. Ákærðu greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður um annað en skaðabótakröfu Sveins Björgvinssonar, sem vísað er frá héraðsdómi.

Ákærðu, Sigurður Ingi Kristófersson og Vignir Bergmann Hreggviðsson, greiði sameiginlega allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurbjörns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 27. nóvember 1997.

Ár 1997, fimmtudag 27. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Finnþoga H. Alexanderssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-107/1997: Ákærvaldið gegn X, Sigurði Inga Kristóferssyni og Vigni Bergmann Hreggviðs-syni, sem dómtekið var 13. þessa mánaðar.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, út gefinni 25. mars 1997, á hendur X, ..., Sigurði Inga Kristóferssyni, Suðurgarði 12, Reykjanesbæ, kt.

250776-4389, og Vigni Bergmann Hreggviðssyni, Faxabraut 42, Reykjanesbæ, kt. 141176-3749, „fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 7. ágúst 1994 við Hafnargötu í Reykjanesbæ, ákærðu Sigurður Ingi og Vignir, slegið Svein Björgvinsson, kennitala 170258-4879, hnefahögg í andlit, svo að hann féll utan í bifreið og í götuna, og ákærðu allir sparkað í Svein liggjandi í andlit, höfuð og líkama með þeim afleiðingum, að hann hlaut sár á neðri vör, hægri miðframtennur í efri og neðri gómi losnuðu og brotnuðu og vinstri miðframtönn í efri gómi brotnaði við rót.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar“.

Í málinu gerir Vilhjálmur Þórhallsson hrl. fyrir hönd Sveins Björgvinssonar þá endanlegu kröfu, að ákærðu greiði bætur, að fjárhæð 343.485 kr., auk 2% ársvaxta af 34.200 kr. frá 7. ágúst 1994 til greiðsludags, en dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga af 85.800 kr. frá 7. ágúst 1994 til 26. 2. 1996 og af 300.465 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Þá gerir Þórir Sveinbjörnsson, kennitala 221275-2929, kröfu um, að ákærðu greiði bætur, að fjárhæð 20.235 kr.

Ákærðu krefjast allir sýknu af kröfum ákærvalds og að skaðabótakröfum á hendur sér verði vísað frá dómi. Verjendur ákærðu krefjast málsvarnarlauna sér til handa, er greiðist úr ríkissjóði.

Málavextir.

Aðfaranótt sunnudagsins 7. ágúst 1994, kl. 2.20, barst lögreglunni í Keflavík tilkynning um átök fyrir utan Pizzu 67 við Hafnargötu í Keflavík. Fóru lögreglumenn á staðinn, en sáu engin áflog, en fjölda unglunga við verslunina Stapafell. Urðu þeir þá varir við árásarþolann, Svein Björgvinsson, þar sem hann var leiddur alblóðugur í framan að lögreglubifreiðinni af Þóri Sveinbjörnssyni, eiganda bifreiðarinnar IF-980, Toyota Corolla Twin Cam. Tjáði Þórir lögreglunni, að hann hefði lagt bifreiðinni við verslunina Stapafell, og hafi Sveinn, er verið hafi þar í áflogum, lent á hægri frambretti bifreiðar sinnar og við það rispa komið á brettið.

Sveinn, sem var nokkuð ölvaður, tjáði lögreglunni, að hann hefði verið á leið að veitingastaðnum Ránni. Á móts við Stapafell hefði hann þurft að fara í gegnum hóp unglunga og einhver ýtt við sér. Hefði hann þá orðið æstur, en síðan ekki vitað fyrir til en sér var greitt kjaftshögg. Hefði hann þá fundið, að framtönn í neðri gómi brotnaði. Aftur hefði hann fengið högg og tvær tennur í efri gómi þá brotnað. Ekki hefði hann haft hugmynd um, hver árásarmaður var. Lögreglumennirnir urðu ekki varir við ætlaðan árásarmann.

Farið var með Svein á Sjúkrahús Suðurnesja, og voru þar teknir fjórir saumar í neðri vör. Í áverkavottorði Arnbjörns Ólafssonar, læknis á Heilsugæslustöð Suðurnesja, dagsettu 9. ágúst 1994, kemur fram, að Sveinn Björgvinsson hafi komið á heilsugæslustöðina kl. 16.00 9. ágúst 1994 vegna meiðsla, er hann hafi hlotið sunnudagsmorguninn 7. ágúst 1994 um kl. 2–2.30 árdegis, er þrír menn hafi barið hann og sparkað í hann. Hann hafi talið árársarmennina hafa slegið sig högg í höfuð og andlit og hann fallið við höggið, eftir að í hann hafi verið barið og sparkað. Hafi tvö höggin komið á munn, og við það hafi tvær tennur brotnað, ein losnað úr og vör sprungið. Við skoðun hafi komið í ljós, að hann sé með sprungna neðri vör og bólgna, vinstri miðframtönn hafi brotnað úr og tvær tennur séu lausar, önnur til hliðar við vinstri miðframtönn, og síðan sé laus og brotin tönn í neðri gómi, sem gert hafi verið við. Sveinn hafi komið á slysavarðstofu kl. 2.30 7. ágúst, og hafi þá neðri vör verið saumuð, og sé nú ör á henni, sem sé nú að mestu gróid, en sjáist þó enn greinilega, og sé vörin enn nokkuð bólgin.

Í vottorði Benedikts Jónssonar tannlæknis, dagsettu 10. ágúst 1994, kemur fram, að Sveinn hafi komið á stofu að morgni 7. ágúst 1994 með brotnar framtennur eftir líkamsárás. Þá hafi verið gerð frumskoðun. Hinn 8. ágúst hafi tvær framtennur verið byggðar upp í plast til bráðabirgða, og 9. ágúst hafi hin þriðja verið byggð upp með stifti og á hana sett króna til bráðabirgða. Í vottorðinu segir síðan, að ljóst sé, að síðar meir þurfi Sveinn að fá postulínskrónur á þessar tennur, og auk þess sé ekki hægt að útiloka frekari skaða, sem komið gæti fram síðar. Fjárhagslegt tjón Sveins komi til með að verða minnst um 140.000 kr. vegna þessa.

Sveinn kærði atvikið næsta dag til rannsóknardeildar lögreglunnar í Keflavík. Í skýrslu, sem hann gaf þá, kvaðst hann hafa verið stöðvaður á gangstéttinni neðan við Nýja bíó, þar sem mikil mannmergð var, af ungum manni, frekar grönnum, um 17–18 ára gömlum. Maður þessi hafi virst vilja einhver læti, og hafi komið til einhverra átaka milli þeirra, er hann ýtti honum frá sér. Í þeim svifum hafi annar maður komið aðvífandi eins og neðar eftir stéttinni, og hafi sá maður veitt sér þungt högg beint á munninn. Við það hafi tönn í efri gómi brotnað. Við höggið hafi hann fallið í gangstéttina, ekki rotast, en orðið vankaður. Hann hafi legið nokkra stund í rennusteininum, en síðan staðið sjálfur upp. Hafi hann þá fengið annað högg á sama stað frá einhverjum, sem hann sá ekki, hver var. Við þetta högg hafi hann aftur dottið niður. Hann gat ekki staðfest með vissu, hvort tennur brotnuðu við seinna höggið eða hvort tannskemmdirnar urðu allar við hið fyrra, en a. m. k. hafi ein tönn brotnað í efri gómi, eins og áður segir, og kvarnast úr tveimur, og að auki hafi önnur þeirra losnað. Hann kvaðst ekkert muna eft-

ir síðara höggið, fyrr en hann var leiddur út í lögreglubifreiðina, sem ók honum til læknis. Hann kvaðst hafa heyrt um það talað, að þarna hefðu verið að verki kunningjar tveir, Vignir Bergmann Hreggviðsson og einhver Hrannar með honum.

Fyrir dóminum kvaðst Sveinn hafa verið á leið á veitingastaðinn Rána, er hann gekk inn í fólksþröng. Maður, sem reyndist vera ákærði Vignir Bergmann, hefði stöðvað sig og áreitt og m. a. kallað sig helvítis homma. Þeir hefðu tuskast eitthvað, en svo hefði því verið lokið. Á leið niður götuna hefði sér orðið litið við, en í sömu svifum fengið á sig högg, fundið, að tennur brotnuðu, dottið aftur fyrir sig, strax fengið á sig annað högg, dottið í götuna við bifreið, og þar hefðu dunið á sér spörk. Hefði hann vankast við síðara höggið og ekki munað eftir sér, fyrr en hann var leiddur inn í lögreglubifreið. Hann hefði ekki séð, hverjir slógu sig. Hann minntist þess ekki að hafa fengið spörk í andlit. Hann taldi tönn hafa brotnað við fyrra höggið, en þó hefði meira brotnað við hið síðara. Hann var viss um, að þetta hefðu verið hnefahögg. Hann taldi það réttara, sem eftir sér væri haft í skýrslu sinni hjá lögreglu, en fyrir dóminum í þeim tilvikum, sem munur væri á framburði sínum um atvik.

10. ágúst 1994 gáfu tvö vitni skýrslu hjá lögreglunni í Keflavík.

Vitnið Heiðar Lár Halldórsson, kt. 040178-3099, kvaðst hafa verið statt á Hafnargötu milli kl. tvö og hálfþrjú umrædda nótt og séð, þegar Sveinn Björgvinsson varð fyrir árás. Sveinn hefði verið ölvaður og staddur á mótis við sundið fast við Stapafell á Hafnargötu 29. Hefði hann verið í einhverjum átökum og vitnið þá farið að aðgæta, hvað væri að gerast. Hefði hann þá séð ákærða Vigni Bergmann berja Svein eitt högg í andlitið og Sveinn við það fallið niður og utan í hvítan bíl. Höggið hefði komið beint á munninn. Ekki hefði hann orðið var við blóð á andliti Sveins þá. Síðan hefði ákærði Sigurður sparkað í bak Sveini, er hann var að standa upp. Síðan hefðu allir ákærðu haldið áfram að sparka í Svein þarna liggjandi, og hefði hann séð, að spörkin lentu um allan líkama hans og einhver í andlit. Sveinn hefði aldrei barið frá sér. Fannst vitninu líta út fyrir, að þarna færi fram mjög ójafn leikur, og þótt atferli þremmenninganna vera mjög illa gert.

Fyrir dóminum mundi vitnið ekki nákvæmlega eftir atvikum, en kvað viðureignina hafa verið milli Stapafells og brauðgerðarinnar. Hann kvaðst hafa séð ákærða Sigurð Inga sparka í bak Sveini, og hið sama hefði ákærði X gert. Þá kvaðst hann hafa séð ákærða Vigni Bergmann slá Svein á munninn. Ekki mundi hann, hvort allir ákærðu spörkuðu í Svein. Blóð sá hann fyrst á Sveini, eftir að ákærðu höfðu sparkað í hann. Eftir á kvaðst hann hafa heyrt, að Andri Páll hefði sparkað í Svein. Vitnið staðfesti skýrslu sína hjá lögreglu.

Vitnið Gísli Grétar Bjarnason, kt. 090378-3849, kvaðst hafa verið stött í mannþröng á Hafnargötu um kl. 2.00 eða upp úr því umrædda nótt. Hefði Sveinn Björgvinsson þá verið þar í einhverju rífrildi við ákærða Vigni Bergmann. Hefði ákærði Vignir Bergmann þá kýlt Svein eitt högg beint á munninn. Hefði Sveinn fallið við höggið og lent í fallinu á hvítum Toyota-bíl, sem stóð á móts við sundið niður með gamla Stapafellshúsinu. Ekki sá vitnið, hvort einhverjir áverkar urðu á Sveini við þetta högg. Hefði Sveinn staðið á fætur, en ekki komist leiðar sinnar vegna fjölda fólks, sem þarna var. Hefði ákærði Sigurður þá barið Svein annað högg í andlit, en hann staðið það af sér og um leið reynt að komast undan. Sveinn hefði aldrei reynt að berja frá sér. Er hér var komið sögu, hefðu allir ákærðu ráðist á Svein, ákærði Sigurður sparkað í bak hans og hann þá fallið á jörðina við gangstéttina hjá Stapafelli, og síðan hefðu allir ákærðu sparkað í hann víðs vegar um líkamann og sum spörkin lent í andlitinu. Hefði þá blætt talsvert úr munni Sveins, er hann var dreginn upp og til lögreglunnar, sem þá var að koma. Þótti vitninu þetta ekkert annað en ruddaleg líkamsárás og ógeðsleg á að horfa.

Fyrir dóminum kvaðst vitnið hafa séð ákærða Vigni Bergmann kýla Svein beint á munninn. Hefði Sveinn lent í átökum við ákærða Vigni Bergmann, en síðan hefðu hinir ákærðu blandast inn í þau. Vitnið mundi ekki nákvæmlega, hvernig ákærðu Vignir Bergmann og Sigurður Ingi slógu Svein, en taldi rétta lýsingu á því koma fram í skýrslu sinni hjá lögreglu, sem hann staðfesti. Hann kvaðst hafa heyrt, að Andri Páll og jafnvel fleiri hefðu átt þátt í árásinni á Svein.

Vitnið Halldór Rúnar Karlsson, kt. 160178-3459, gaf skýrslu hjá lögreglu 5. október 1994. Vitnið kvaðst hafa verið stött á árásarvettvangi, er Sveinn varð fyrir líkamsárás ákærðu. Hefði Sveinn komið gangandi niður Hafnargötu, þar sem mikið af fólki hefði verið saman komið. Hefði hann rekist eitthvað á stúlku og ákærði Vignir Bergmann þá spurt Svein, sem var talsvert fullur, hvað hann væri að ráðast á stelpu. Sveinn hefði sagt eitthvað og ákærði Vignir þá ýtt við honum og hann aftur á móti. Þeir hefðu ekki tekist á, en ákærði Vignir ýtt honum, svo að hann lenti utan í hvítu Toyota-bifreið. Sveinn hefði að mestu staðið af sér fallið, en skjögrað um, og hefði ákærði X þá sparkað í bakið á honum. Hefði Sveinn þá fallið í götuna. Þá hefði ákærði Sigurður komið til skjalanna og slegið Svein eitt högg í andlit, svo að farið hefði að blæða úr munni Sveins. Hann hefði reynt að standa upp, en ákærði Vignir þá barið hann eitt högg í andlitið, líklegast í kinnbein hægra megin. Hefði Sveinn fallið við þetta og allir ákærðu byrjað að sparka í hann liggjandi, bæði í andlitið og víðar. Svo hafi virst sem enginn þyrði að

skipta sér af þessu, því að ákærðu hefðu greinilega staðið saman og verið til alls vísir.

Vitninu fannst þetta gróf líkamsárás af hálfu ákærðu, enda hefði ákærðu X og Sigurð ekkert varðað um Svein, þótt hann væri eitthvað að ýfast við ákærða Vigni. Aldrei hefði hins vegar verið um eiginleg áflog að ræða milli hans og ákærða Vignis. Ákærði Vignir hefði aldrei átt í vök að verjast fyrir þessum ölvaða manni, sem átt hefði nóg með að ganga óstuddur, þar sem hann var talsvert óstöðugur vegna ölvunar.

Vitnið mundi lítið eftir atvikum fyrir dóminum. Hann hefði verið staddur við Pizzu 67, er Sveinn kom gangandi við Stapafell og rakst í stúlku. Hefði ákærði Sigurður Ingi þá komið hlaupandi og þeir Sveinn dottidi á gangstéttina. Hefði ákærði Sigurður Ingi þá kýlt Svein, sem orðið hefði útataður í blóði. Hann hélt, að ákærði Vignir Bergmann hefði sparkað í eða slegið Svein. Hann kvað kös hafa myndast kringum Svein, og því gæti verið, að Andri Páll hefði sparkað í hann. Hann kvað þetta hafa verið grófa líkamsárás. Að öðru leyti vísaði hann til skýrslu sinnar hjá lögreglu, sem hann staðfesti.

Í skýrslu sinni hjá lögreglunni í Keflavík 11. október 1994 kvaðst ákærði X ekki hafa séð, hvernig átökin við Svein Björgvinsson hófust. Sjálfur hefði hann verið á tali við Þóri Sveinbjörnsson, eiganda hvítu Toyotunnar, sem Sveinn lenti utan í. Hann kvaðst ekki hafa séð menn í átökum við Svein, áður en hann lenti á bíl Þóris. Hann kvaðst hafa sparkað í rassinn á Sveini, er hann var að standa upp. Síðan hefði ákærði Sigurður einnig sparkað í afturendann á honum, en þarna hefði verið mannfjöldi, er umkringdi Svein, sem verið hefði eitthvað drukkinn. Ekki mundi hann, hvort ákærði Vignir var þarna. Hann kvaðst ekki hafa barið Svein neitt, en taldi sig hafa séð einhverja berja hann í andlit, en vissi ekki, hverjir hefðu gert það. Hann mundi ekki eftir því að hafa séð einhverja sparka í andlit Sveins. Hann kvaðst síðan hafa komið sér í burtu ásamt ákærða Sigurði, þar sem þeim hefði fundist þetta vera nægilega að gert, sem þeir gerðu.

Fyrir dóminum kvaðst ákærði hafa sparkað í afturendann á Sveini, þar sem hann hafði lent utan í bifreið Þóris. Hann hefði ekki séð upptök átakanna né séð, hver setti Svein utan í bifreiðina. Ekki hefði hann heldur séð ákærða Sigurð Inga sparka í Svein. Sveinn hefði lent inni í mannþröng og þar verið sparkað í hann. Eftir það hefði hann séð blóð á Sveini. Ekki vissi hann, hvort meðákærðu voru í mannþrönginni.

Í skýrslu sinni hjá lögreglunni í Keflavík 10. október 1994 kvaðst ákærði Vignir Bergmann hafa verið í mannþrönginni, er Sveinn Björgvinsson kom gangandi niður götuna við Stapafell á Hafnargötu 29. Hann kvaðst hafa

verið talsvert ölvaður og sagt við Svein eitthvað á þá leið, að hann væri „hommalegur“. Hefði Sveinn þá svifið á sig, rifið í sig og tuskað sig dálítið til. Kvaðst ákærði þá hafa slegið Svein utan undir með flötum lófa, en Sveinn goldið í sömu mynt og síðan hrint sér um koll. Hefði þá einhver komið og tekið Svein af sér. Ákærði kvaðst ekkert hafa gert Sveini meira. Hann kvaðst svo hafa séð Svein liggja á gangstéttinni og umhverfis hann „helling af liði“. Ekki hefði hann séð, að sparkað væri í hann, og slíkt hefði hann ekki gert. Kvaðst hann og ekki hafa séð áverka á Sveini. Annars myndi hann ekki atburðarás vel sökum ölvunar.

Fyrir dóminum kvaðst ákærði hafa verið ölvaður umrædda nótt, en þó myndi hann eftir atvikum. Hann kannaðist við að hafa slegið Svein utan undir með flötum lófa. Hefði Sveinn komið gangandi og farið að tala við stúlku. Kvaðst hann hafa sagt honum að láta hana í friði og Sveinn þá veist að sér, tuskað sig til og slegið sig utan undir flötum lófa og hann svarað í sömu mynt. Þeir hefðu dottið, en einhver komið og tekið Svein ofan af sér. Hefði það reynst vera ákærði Sigurður. Eftir þetta hefði hann ekki komið nálægt Sveini og kannaðist ekki við að hafa hent Sveini utan í Toyota-bifreiðina. Hann kvað þröng hafa myndast umhverfis Svein, en í henni hefði hann ekki verið. Hann taldi óhugsandi, að tennur hefðu brotnað í Sveini við lófahögg sitt. Þá neitaði hann því að hafa sparkað í Svein.

Í skýrslu sinni hjá lögreglunni í Keflavík kvaðst ákærði Sigurður Ingi hafa verið á ferðinni á umræddum stað og stund allsgáður. Margt fólk hefði verið þarna saman komið. Hefði hann komið þar að, sem fullorðinn maður, talsvert ölvaður, var að berja ákærða Vigni hvað eftir annað. Ákærði Vignir hefði fallið niður, en maðurinn haldið áfram að lúskra á honum liggjandi. Ákærði Vignir hefði átt í vök að verjast, og hefði hann því tekið manninn frá. Hefði maðurinn þá reynt að kýla sig, en hann þá barið manninn eitt högg, sem hann minnti, að lent hefði á öðru kinnbeini hans. Hefði maðurinn þá dottið aftur fyrir sig og utan í bifreið, sem þar stóð. Hann hefði þó staðið strax á fætur og ætlað að ganga að sér með þeim ásetningi greinilega að berja sig, en fjöldi fólks komið og stöðvað hann. Ekki minntist ákærði áverka á andliti mannsins, er hann stóð upp.

Fyrir dóminum kvaðst ákærði hafa verið allsgáður umrædda nótt. Kvaðst hann hafa gengið fram á ákærða Vigni Bergmann og Svein í átökum á Hafnargötu milli Stapafells og brauðgerðarinnar. Hann hafi tekið í Svein, sem þá hafi ætlað að ráðast á sig. Hann hafi þá kýlt Svein einu sinni í kinnbeinið, sett hann upp að hvítri Toyota-bifreið og talað við hann. Þá hafi eigandi bifreiðarinnar komið út úr bifreiðinni og sett Svein niður. Eftir það hafi ákærði farið. Hann neitaði því að hafa sparkað í Svein. Hann sá ekki

upphaf átakanna. Hann kvað Svein ekki hafa verið blóðugan í framan, er hann talaði við hann, og taldi högg sitt ekki hafa getað valdið tannbrotum. Hann mundi ekki, hvort höggið var þungt, en það hafi lent á kinnbeini Sveins. Hann sagði allt hafa orðið brjáláð á staðnum, og hafi hann þá farið burt. Hann hefði frétt, að Sveinn hefði verið laminn og í hann sparkað af fjölda fólks.

Vitnið Árni Kjærnested, kt. 150878-4119, kvaðst fyrir dóminum hafa séð Svein Björgvinsson ýta við einhverri stúlku umrædda nótt. Hefði ákærði Sigurður Ingi tekið hann, skellt honum upp að bifreið og rekið honum löðrung. Hefði verið komin „stappa“ af liði að berja Svein í klessu. Högg Sigurðar Inga hefði lent einhvers staðar á kinn Sveins. Vitnið mundi ekki eftir bílstjóra Toyota-bifreiðarinnar. Vitnið kvað Andra Pál Jónsson hafa komið hlaupandi og sparkað í andlitnið á Sveini, sem legið hefði grafkyrr eftir það í mikilli þvögu. Hefði hann síðan verið settur í sjúkrabifreið. Vitnið kvaðst vissu um, að ákærði Sigurður Ingi hefði ekki veitt Sveini áverka. Vitnið var fært inn í lögreglubifreið, og segir það Andra Pál Jónsson hafa verið þar fyrir. Vitnið spurði, hvers vegna það væri fært inn í lögreglubifreiðina, og hefði þá Andri Páll sagt við lögregluna, að sleppa ætti vitninu, þar sem það hefði verið hann sjálfur, sem sparkað hefði í andlit Sveins. Eftir það hefði vitninu verið sleppt. Vitnið kvaðst vera vinur ákærða Vignis Bergmanns.

Vitnið Andrea Kristjana Sigurðardóttir, kt. 180178-3179, sagði fyrir dóminum, að hún hefði verið niðri í bæ í Keflavík umrædda nótt. Hún kvað mann hafa komið gangandi eftir Hafnargötunni, og hefði hann hrint ákærða Vigni Bergmann. Við það hefðu „strákarnir“ orðið brjáláðir og byrjað að kýla manninn, sem var Sveinn Björgvinsson, og sparka í hann liggjandi. Stráka þessa kvað hún hafa verið Eðvald Björnsson og einhverja fleiri, sem hún gat ekki nafngreint. Hún kvað alla hafa sparkað í Svein og taldi ákærðu X og Vigni Bergmann áreiðanlega hafa verið meðal þeirra. Vitnið tók ljósmyndir á vettvangi, sem fram hafa verið lagðar í málinu. Hún sá ákærða Sigurð Inga kýla Svein í kinnina, og hefði hann þá dottið utan í Toyota-bifreið. Hún kvað Svein hafa legið þar og hún þá séð Andra Pál Jónsson koma hlaupandi yfir götuna og tvívegis sparka í andlit Sveins, þar sem hann lá. Hann hefði hreinlega „þrumað“ í andlitnið á honum. Hélt hún, að við spörkin hefðu tennur Sveins brotnað. Eftir þetta hefðu allir sparkað í Svein og hann verið alblóðugur. Hún kvað ákærða Sigurð Inga hafa reynt að tala hann til. Hún taldi víst, að ákærðu X og Vignir Bergmann hefðu einnig sparkað í Svein. Í átökunum kvaðst hún hafa séð ákærða Vigni Bergmann uppi á bakinu á Sveini. Hún kvaðst vera góður vinur ákærðu Vignis Bergmanns og Sigurðar Inga, sérstaklega hins síðarnefnda.

Vitnið Eva Dögg Kristinsdóttir, kt. 250579-4119, sagði fyrir dóminum, að hún hefði verið stödd við Pizzu 67 á Hafnargötu í Keflavík umrædda nótt og þá séð ákærðu Vigni Bergmann og Sigurð Inga slá Svein á kinnina. Hún kvað ryskingar hafa orðið milli Sveins og Sigurðar Inga og marga hafa sparkað í Svein, eftir að hann féll í götuna. Hún kvaðst hafa séð Andra Pál Jónsson sparka beint í andlit Sveins, en fyrir það spark hefði hún ekki séð blóð á andliti hans.

Það, sem að framan hefur verið rakið úr framburði ákærðu og vitna, stýðst við munnlegar skýrslur fyrir dómi 12. apríl 1996 við aðalmeðferð máls nr. S-38/1996, sem höfðað var gegn sömu mönnum fyrir sömu sakir, en því máli var vísað frá dómi með úrskurði 3. maí 1996. Í kjölfarið mælti ríkissaksóknari fyrir frekari lögreglurannsókn í samræmi við forsendur frávisunar, og að henni lokinni var gefin út ákæra í máli þessu.

Við aðalmeðferð málsins komu ákærðu og vitnin Sveinn Björgvinsson, Halldór Rúnar Karlsson og Árni Kjærstedt að nýju fyrir dóminn og gáfu skýrslur, og staðfestu þeir fyrri framburð sinn fyrir dómi. Dómari og málflytjendur voru annars á einu máli um að leggja framburð fyrir dóminum í fyrra málinu til grundvallar við úrlausn þessa máls.

Við skýrslutökur af ákærðu og vitnunum þremur við aðalmeðferð nú kom ekkert nýtt fram, sem ástæða þykir til að rekja, enda langt um liðið, frá því að atvik urðu, og atburðir ekki lengur skýrir í minni skýrslugefenda.

Við þá lögreglurannsókn, sem fram fór að fyrirmælum ríkissaksóknara, eftir að fyrra máli hafði verið vísað frá dómi, var leitast við að upplýsa með vitnaskýrslum, hvort maður að nafni Andri Páll Jónsson kunnir að hafa sparkað í höfuð Sveins Björgvinssonar umrætt sinn, en það kom fram hjá vitnum við fyrri aðalmeðferð. Þá hafði verjandi, Ásgeir Jónsson hdl., óskað eftir slíkri rannsókn, áður en rannsókn lauk hjá lögreglu í fyrra málinu, en slík rannsókn hafði ekki farið fram, er ákæra var gefin út. Við rannsókn lögreglu á þessu hefur komið í ljós, að líklegt sé, að vitni, sem hafi borið, að Andri Páll hafi sparkað í höfuð Sveins Björgvinssonar umrætt sinn, hafi verið að rugla saman þessu atviki og öðru, sem gerðist á sömu slóðum fyrr um sumarið.

Niðurstöður.

Árásarþoli, Sveinn Björgvinsson, hefur borið um það í máli þessu, að áverkar þeir, sem hann hlaut umrædda nótt, hafi stafað af hnefahöggum, en hann minnst þess ekki að hafa fengið spörk í andlit. Hins vegar minnst hann þess að hafa fengið spörk annars staðar í líkamann.

Framburður vitna um spörk í höfuð Sveins er mjög á reiki og ýkjukenn-

ur. Þá þykir vettvangskonunn 13. þessa mánaðar, þar sem m. a. var könnuð staðsetning aðalvitna og sá staður, þar sem Sveinn hlaut áverka sína, og fjarlægð þar á milli, ekki renna stöðum undir það, að vitnin hafi getað séð spörk í Svein með óyggjandi hætti eða hvar þau lentu.

Á hinn bóginn verður að telja sannað með framburði vitna, en einnig Sveins og ákærðu Vignis Bergmanns og Sigurðar Inga, sem að vísu gera lit-ið úr sínum hlut, að þessir ákærðu hafi báðir slegið Svein hnefahögg í andlit, og þykir ekki varhugavert að telja sannað, að áverka Sveins megi rekja til þessara högga. Samrýmist það og vel frásögn árárþola. Í málinu hefur ekki komið fram, að í þessum efnum sé öðrum til að dreifa.

Með háttsemi sinni hafa ákærðu Vignir Bergmann og Sigurður Ingi gerst brotlegir við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, þykir ósannað, að ákærði X hafi sparkað í Svein með þeim afleiðingum, að hann hafi hlotið tannbrot. Ber því að sýkna ákærða X af kröfum ákæruvalds í málinu.

Ákærði Vignir Bergmann hlaut dóm fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga 29. mars 1995, skilorðsbundið varðhald í þrjá mánuði. Þá var honum gert að greiða 35.000 króna sekt fyrir umferðarlagabrot samkvæmt sátt hjá sýslumanninum í Keflavík 21. ágúst 1995. Brot ákærða, sem hann er nú sakfelldur fyrir, var framið, áður en hann hlaut ofangreindar refsingar, og ber því að dæma honum hegningarauka samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga í máli þessu. Skilorðstími dómsins frá 29. mars 1995 er nú liðinn, og verður sá dómur því ekki dæmdur upp samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga.

Með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða Vignis Bergmanns hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga, en með hliðsjón af því, hve langt er um liðið, frá því að brot var framið, þykir rétt að skilorðsbinda refsinguna, og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Ákærði Sigurður Ingi gekkst undir sátt hjá sýslumanninum í Keflavík 12. október 1995 vegna umferðarlagabrot, þar sem honum var gert að greiða 15.000 krónur í sekt og sæta sviptingu ökuréttar í einn mánuð. Brot ákærða nú var framið, áður en ákærði gekkst undir sáttina, og verður refsing hans nú ákvörðuð með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga, en þar sem langt er um liðið, frá því að brot var framið, þykir rétt að skilorðsbinda refsinguna, og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða X, Jóhannesar K. Sveinssonar héraðsdómslögmanns, 60.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dæma ber ákærðu Vigni Bergmann og Sigurð Inga til að greiða annan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Ásgeirs Jónssonar héraðsdómslögmanns, 60.000 krónur.

Eins og að framan getur, gerir Vilhjálmur Þórhallsson hrl. fyrir hönd Sveins Björgvinssonar skaðabótakröfu á hendur ákærðu, samtals að fjárhæð 343.485 kr. auk vaxta. Í upphaflegri kröfugerð sinni sundurliðaði hann kröfuna þannig:

1. læknikostnaður	kr.	176.165
2. vottorð	–	2.500
3. miskabætur	–	120.000
4. lögmannsþóknun	–	36.000
5. vsk. á þóknun	–	8.820
	kr.	343.485

Undir rekstri málsins breytti lögmaðurinn grundvelli kröfu á þann veg, að hann skipti miskabótakröfunni skv. tl. 3 upp í þjáningabætur skv. 3. gr. skaðabótalaga, 34.200 kr., og miskabætur skv. 26. gr. sömu laga, 85.800 kr. Gerir hann nú kröfu um 2% ársvexti af 34.200 kr. frá 7. 8. 1994 til greiðsludags, dráttarvexti af miskabótakröfunni, 85.800 kr., frá 7. 8. 1994 til 26. 2. 1995, en af 300.465 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærðu krefjast frávísunar skaðabótakrafna.

Krafa Sveins Björgvinssonar um læknikostnað skv. 1. tl. skaðabótakröfu er studd vottorðum tannlæknis, og hefur henni ekki verið hnekkkt. Þá er krafan um greiðslu vottorða studd nægum gögnum. Kröfum þessum þykir stillt í hóf, og verða þær því teknar til greina. Þá ber að taka til greina kröfu Sveins Björgvinssonar um lögfræðikostnað við að hafa bótakröfuna uppi, og með hliðsjón af fjárhæð skaðabóta, sem dæmdar eru, þykir sá kostnaður hæfilega ákveðinn 25.000 kr. auk virðisaukaskatts, 6.125 kr., samtals 31.125 kr. Verða ákærðu Vignir Bergmann og Sigurður Ingi því dæmdir til að greiða Sveini Björgvinssyni samtals 209.790 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 203.665 kr. frá 26. mars 1996 til greiðsludags, en upphafstíma vaxta ber að miða við einn mánuð frá dagsetningu skaðabótakröfu 26. febrúar 1996.

Eins og mál þetta er vaxið, þykja eigi ástæður til að dæma þjáningabætur samkvæmt 3. gr. skaðabótalaga, og ekki þykja heldur skilyrði til að dæma bætur samkvæmt 26. gr. sömu laga. Er þessum kröfum, 120.000 kr. (34.200+85.800), því vísað frá dómi.

Bótakrafa Þóris Sveinbjörnssonar þykir ekki studd viðhlítandi gögnum, og er henni vísað frá dómi.

Mál þetta var áður munnlega flutt og dómtekið 9. september sl., en eftir dómtöku þess þótti sýnt, að efnisdómur yrði eigi lagður á málið, án þess að áður færi fram könnun á vettvangi. Af þeim sökum var málið endurupptekið 13. þessa mánaðar samkvæmt 131. gr. laga nr. 19/1991, og gengu dómari og málflytjendur sama dag á vettvang, og í framhaldi þess fór fram viðbótar-málflutningur, og var málið síðan tekið til dóms að nýju.

D ó m s o r ð:

Ákærði X er sýkn af kröfum ákærvalds í máli þessu.

Ákærði Vignir Bergmann Hreggviðsson sæti varðhaldi í 20 daga, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Ákærði Sigurður Ingi Kristófersson sæti varðhaldi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða X, Jóhannesar K. Sveinsonar héraðsdómslögmanns, 60.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærðu Vignir Bergmann og Sigurður Ingi greiði annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásgeirs Jónssonar héraðsdómslögmanns, 60.000 krónur.

Ákærðu Vignir Bergmann og Sigurður Ingi greiði Sveini Björgvinssyni 209.790 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 203.665 krónum frá 26. mars 1996 til greiðsludags.

Bótakröfu Þóris Sveinbjörnssonar er vísað frá dómi.